

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 30. október 2023 í máli nr. 28/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 23. mars 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að reikningur varnaraðila, dags. 30. nóvember 2022, að fjárhæð 8.047 krónur verði felldur niður. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 16. maí 2023, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Athugasemdir varnaraðila bárust 5. júní 2023. Engar athugasemdir bárust frá sóknaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar og andsvara, rafteikning, dags. 24. október 2022, reikningur dags. 31. október 2022 að fjárhæð 80.465 krónur, reikningur, dags. 4. janúar 2023, að fjárhæð 8.047 krónur og yfirlit yfir vinnu starfsmanna varnaraðila.

Með bréfi, dags. 26. október 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum máls kemur fram að í októbermánuði 2022 sendi sóknaraðili varnaraðila rafteikningar af bát sem sóknaraðili hafði fest kaup á til yfirferðar og samþykktar. Varnaraðili fór yfir umræddar teikningar og skilaði sóknaraðila með athugasemdum. Varnaraðili sendi sóknaraðila reikning að fjárhæð 80.465 krónur þann 31. október 2022 sem sóknaraðili greiddi í kjölfarið. Varnaraðili gaf síðan út tvo aðra reikninga á hendur sóknaraðila, annars vegar 30. nóvember 2022 að fjárhæð 8.047 krónur og hins vegar 31. janúar 2023 að fjárhæð 8.047 krónur, vegna sömu þjónustu varnaraðila og áður.

Ágreiningur aðila lýtur að greiðslu reiknings, dags. 30. nóvember 2022, sem enn er ógreiddur.

#### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi gefið út reikning að fjárhæð 80.465 krónur þann 31. október 2022 í kjölfar þess að erindi hans hafi verið afgreitt og hafi sá reikningur verið greiddur. Mánuði síðar hafi varnaraðili gefið út annan reikning á hendur sóknaraðila, að fjárhæð 8.047 krónur, vegna sömu þjónustu hans. Sóknaraðili telur það ólíðandi að varnaraðili sendi reikninga, nánast af handahófi, löngu eftir að erindi hans hafi verið afgreitt og reikningur því tilheyrandi hafi verið greiddur. Í þessu sambandi bendir sóknaraðili á að þegar einstaklingur fari í verslun

og kaupi þar vörur eða þjónustu komi jafnan ekki reikningur síðar til viðbótar við þann sem hafi tilheyrt upphaflegu viðskiptunum.

Sóknaraðili krefst þess að umræddur reikningur að fjárhæð 8.047 krónur verði felldur niður enda sé hann tilhæfulaus með öllu.

### 3.2. *Sjónarmið varnaraðila*

Varnaraðili vísar til þess að vera opinber stofnun sem fari með stjórnslu og eftirlit sem lúti meðal annars að siglingamálum, sbr. [...]. Á grundvelli skipalaga nr. 66/2021 og reglugerða settra á grundvelli þeirra beri varnaraðila að fara yfir og samþykkja teikningar á borð við þær sem hér um ræði.

Varnaraðili kveðst innheimta gjald fyrir veitta þjónustu á grundvelli gildandi gjaldskrár hans, sbr. [...]. Yfirferð og samþykkt teikninga í málinu byggja á lið 4.9 í gjaldskránni, þar sem fjallað sé um yfirferð og samþykkt gagna vegna nýsmíði og breytinga á skipum. Miðist fjárhæð reikninga varnaraðila við framlagða vinnu starfsmanna hans samkvæmt tímagjaldi stofnunarinnar sem birt sé í viðauka I við gjaldskrána. Tímagjaldið taki mið af því hvaða starfsmaður vinni verkið en í þessu tilviki hafi það verið sérfræðingur í efsta þrepi.

Varnaraðili vísar til þess að skráðar hafi verið sex unnar klukkustundir vegna erindis sóknaraðila í verkþókhald varnaraðila. Tekið hafi verið gjald samkvæmt því að fjárhæð 16.093 krónur á klukkustund. Við meðferð málsins hafi reikningur fyrir 0,5 klukkustunda vinnu að fjárhæð 8.047 krónur, dags. 30. nóvember 2022, verið sendur eftir að fyrri reikningur fyrir fimm klukkustunda vinnu að fjárhæð 80.465 krónur hafi verið sendur sóknaraðila. Umrædd 0,5 klukkustunda vinna hafi ekki verið bókuð í verkþókhald varnaraðila fyrr en síðar og því hafi reikningurinn verið sendur síðar og hafi hann verið eindaga þann 4. janúar 2023.

Varnaraðili bendir á að gefinn hafi verið út þriðji reikningurinn á hendur sóknaraðila vegna 0,5 klukkustunda vinnu, dags. 31. janúar 2023. Hafi reikningurinn jafnframt verið að fjárhæð 8.047 krónur en þann reikning hafi sóknaraðili þegar greitt. Enn sé ógreiddur reikningur, dags. 30. nóvember 2022.

Varnaraðili vísar til þess að heppilegra hefði verið að hinn ógreiddi reikningur hefði verið sendur af stað með fyrsta reikningnum. Eftir sem áður sé ljóst að varnaraðili hafi innt af hendi sex klukkustunda vinnu við yfirferð teikninga sóknaraðila og því mótmæli varnaraðili að reikningurinn að fjárhæð 8.047 krónur eigi ekki rétt á sér. Það hendi af og til að þegar vinna sé framkvæmd síðustu daga í mánuði að skráning hennar eigi sér stað í verkþókhaldi eftir að reikningar hafi verið keyrðir út. Í þeim tilvikum fari þeir með reikningavinnslu næsta mánaðar líkt og hafi gerst í þessu máli.

Varnaraðili bendir á að þar sem umþrættur reikningur hafi ekki verið greiddur hafi hann safnað innheimtukostnaði hjá [...] síðan 4. janúar 2023. Varnaraðili hafi haft samband við fyrirtækið og óskað eftir því að frekari innheimta verði sett á bið á meðan beðið er afstöðu kærunefndar.

Varnaraðili telur ekkert hafa komið fram í málinu sem ætti að rengja umræddan reikning auk þess sem því sé alfarið hafnað að varnaraðili sendi reikninga af handahófi. Krefst varnaraðili því að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

#### IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Samkvæmt ákvæðum skipalaga nr. 66/2021 og reglugerða settra á grundvelli þeirra ber varnaraðila að fara yfir og samþykkja teikningar líkt og þær sem sóknaraðili óskaði samþykktar á í máli þessu. Er umrædd þjónusta því hluti af lögbundnu hlutverki varnaraðila sem opinber stofnun sem annast m.a. eftirlit með siglingum. Samkvæmt 44. gr. laga nr. 66/2021 er varnaraðila heimilt að innheimta þjónustugjöld vegna laganna í samræmi við [...]. Í máli þessu innheimti varnaraðili gjald fyrir hina umþrættu þjónustu á grundvelli gildandi gjaldskrár hans, sbr. [...]. Að mati kærunefndarinnar verður ekki litið svo á að varnaraðili sé seljandi í skilningi 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019 enda kemur varnaraðili ekki fram í atvinnuskyni og gerir samninga við neytendur. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila frá nefndinni á grundvelli e. liðar 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019.

Sóknaraðila er bent á að á grundvelli [...] geta ákvarðanir varnaraðila sætt kæru til ráðherra í samræmi við ákvæði stjórnisýslulaga.

#### III Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson